

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir tillögur að deiliskipulagi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að deiliskipulagi:

1. **Tillaga að deiliskipulagi fyrir Laugarbakka Ölfusi**, heimaland jarðarinnar. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Ölfuss, greinargerð og umhverfisskýrslu 2010-2022 um uppbyggingu á landbúnaðarjörðum.

Skipulagslýsing hefur verið kynnt og afgreidd. Með deiliskipulaginu er verið að gera lóðir utan um þau landnúmer sem skráð eru á jörðina, 173936, 171763 sem og nýja lóð, merkt L04 á uppdrætti sem staðsett verður norðan við hesthúsið. Þar er fyrirhugað að byggja nýtt íbúðarhús. Með Ölfusá er afmarkað 50 m svæði sem ekki má byggja innan og eru allir byggingarreitir utan þessa svæðis.

Byggingarreitur 1, fyrir er hlaða, hesthús, reiðhöll og vélaskemma. Möguleiki að byggja við reiðhöll og hesthús.

Byggingarreitur 2, fyrir er íbúðahús og bílgeymsla. Gert er ráð fyrir að byggja megi við íbúðarhúsið og bílgeymsluna.

Byggingarreitur 3, fyrir er íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að byggja megi við íbúðarhúsið og bílgeymsluna.

Byggingarreitur 4, þar er gert ráð fyrir að byggja allt að 400 m² íbúðarhús á einni hæð með kjallara að hluta.

Hámarks mænishæð um 6 m frá gólfplötu eða um 6.6 m frá jarðhæð.

Frekari skilmálar eru á skipulagsuppdrætti.

2. **Tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð á land úr Efstalandi Ölfusi**, austan Hvammsvegur, að Ingólfsfjalli. Svæðið sem skipulagið nær yfir er um 5 ha. Þar innan eru 4 lóðir og hver þeirra frá um 1.03 ha í um 1.05 ha. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022, merkt sem íbúðabyggð Í5. Byggingarreitir eru A,B,C og D. Byggingarmagn á lóð kemur fram á uppdrætti, eða frá um 515 m² til 526 m² fyrir íbúðarhús, bílgeymslu og gestahús. Íbúðahús getur verið á tveimur hæðum með hámarks mænishæð frá gólfi 8 m eða um 8,6 m frá landhæð.

Frekari skilmálar eru á skipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagstillögurnar liggja frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillögurnar eru einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillögurnar eru til kynningar frá 18. febrúar 2015 til 1. apríl 2015. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 1. apríl 2015 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.